

Guðmundur St. Sigurðarson

Hamar í Hegranesi – Neyðarrannsókn 2014



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2014/152

*Forsíðumynd: Horft NV yfir rannsóknarsvæðið á Hamri, leifar skálabyggingar
og langelds nær en yngri niðurgrafnar mínjar fjær.*



© Guðmundur St. Sigurðarson

Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki

2014/152

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Aðferðir	5
Saga og fyrri rannsóknir.....	7
Neyðarrannsókn 2014	9
Könnunarskurðir og rask á framkvæmdasvæði.....	9
Gamli torfbærinn A1 og byggingarhlutar A2 og A4 ca. 1800-1930.	13
Bygging A3 – Eldra byggingarskeið torfbæjar.....	14
Bygging A9 – Eldra byggingarskeið torfbæjar.....	16
Bygging A10	17
Bygging A8 – Eldaskáli 11. öld.	19
Yngra byggingarskeið.....	19
Eldra byggingarskeið.....	19
Samantekt og niðurstöður.....	22
English Summary	24
Heimildir	27
Fylgiskjöl	28
Sniðteikningar.....	29
Jarðlagaskrá	38
Gripaskrá	44
Gripamyndir.....	49
Sýnaskrá.....	50
Gjóskusýni.....	53
Ljósmyndaskrá	55

Formáli

Fornleifauppgröftur fór fram á bænum Hamri í Hegranesi á tímabilinu frá 15. maí til 4. júní árið 2014, að kröfu minjavarðar Norðurlands vestra Þórs Hjaltalín. Um neyðarrannsókn var að ræða vegna byggingaframkvæmda norðan við íbúðarhúsið og var hún unnin fyrir fé úr Fornminjasjóði. Íbúðarhúsið stendur á gömlum bæjarhól og er ekki vitað um annað bæjarstæði á Hamri, það voru því líkur á að á framkvæmdasvæðinu kynnu að leynast minjar frá fyrstu tíð búsetu á jörðinni.

Forkönnun minjavarðar var gerð í lok apríl 2014 og var þá mokað upp úr eldri skurði sem lá þvert yfir mitt framkvæmdasvæðið frá norðri til suðurs. Skurðurinn var stækkaður fyrripartinn í maí og vestursnið þá teiknað upp og austursnið hreinsað. Í skurðinum sást að um 120-130sm þykk mannvistarlög voru vestan hans en aðeins um 50sm að austanverðu, þar hafði verið skafið ofan af svæðinu og jafnað út fyrir bílastæði. Í vestursniði sáust heillegar leifar torfveggja og grjóthleðslur sem talið var líklegt að tilheyrðu síðasta torfbænum, en að auki fundust þar merki um mannvist undir óhreyfðri gjósku frá 1104. Í austursniði skurðarins sáust sömuleiðis byggingaleifar sem taldar voru tilheyra gamla torfbænum, torfveggir og gólfleifar sem höfðu verið grafin niður á óhreyfðan jarðveg.


Formlegur fornleifauppgröftur hófst 15. maí og var byrjað á því að fjarlægja grasrót og rótud lög af vesturhluta svæðisins og í framhaldinu mól úr bílastæðinu á austur helmingi þess. Útmörk bæjarhólsins til vesturs voru kortlögð með kjarnabor og kom í ljós að búsetuleifar náðu aðeins um 1,5-2m til vesturs frá áðurnefndum skurði, en vestast á svæðinu voru ummerki um jarðrækt. Á austurhlutanum var jarðdýpra eftir því sem austar dró frá skurðinum og mannvistarlög þykkari. Þar komu leifar eldri minja í ljós undir leifum síðasta torfbæjarins, m.a. gólfög og eldstæði sem túlkað var sem langeldur í byggingu frá 11. öld.

Uppgräftarsvæðið var alls 122m² og byggingaleifar á um ⅓ hlutum þess. Allar höfðu þessar minjar orðið að fyrir einhverju raski og höfðu þrír skurðir verið grafnir í gegnum bæjarhólinn, jafnframt því sem yngri minjar voru grafnar niður í þær eldri. Uppgreftir lauk 4. júní, en sigtun og fleyting sýna sem og önnur eftirvinna og skýrslugerð fór fram í ágúst og september.

Við uppgröftinn unnu fornleifafræðingarnir Guðmundur St. Sigurðarson og Lísabet Guðmundsdóttir en undirritaður sá um frágang gagna og gripa sem og aðra eftir vinnu og skýrslugerð.

Ábúendum þökkum við góð kynni og veittar upplýsingar, sér í lagi Sævari Einarssyni sem sá um alla vélavinnu við uppgröftinn.

Guðmundur Stefán Sigurðarson
Sauðárkróki, 24. september 2014



Mynd 1. Staðsetning Hamars í Hegranesi.
Fig. 1. Location map for Hamar.

Aðferðir

Við rannsóknina var notast við kjarnabor og prufuskurði. Kjarnar voru skráðir og ljósmyndaðir en sniðteikningar auk þess gerðar af prufuskurðum. Við sjálfan uppgröftinn var notast við aðferðafræði sem á ensku nefnist „single context method“ og þýtt hefur verið sem „einingakerfi“¹. Einingakerfið fellst í því að skilgreina einingar sem samsvara einum atburði í myndunarsögu jarðlaga og þykir sú aðferð henta vel við gröft bæjarhóla þar sem jarðlagaskipan er flókin og mannvistarleifar brotakenndar.² Ein eining getur verið veggur, stoðarhola eða afmarkað lag, s.s. ruslaga eða gólf. Byrjað er á að ákvarða útmörk hverrar einingar og kanna hvort hún sé ofan á eða undir einhverri annarri. Svo eru einingarnar grafnar burt ein af annarri, efsta lagið fyrst, og þar með það yngsta, og svo koll af kolli. Hver

eining er ljósmynduð og mæld upp og fær sérstakt númer sem skráð er á eyðublað ásamt upplýsingum um innihald, þykkt, umfang o.s.frv. Þannig verður til ítarleg skrá yfir öll jarðlög á svæðinu og innbyrðis tímaröð stórs hluta þeirra.

Þessi tímaröð er túlkuð og skýrð á myndrænan hátt með svonefndri „flæðitöflu“ eða á ensku „Harris Matrix“ flæðitöflur fyrir sniðteikningar eru í fylgiskjöllum hér að aftan.³

Til aldursgreininga er einkum stuðst við gjóskulagagreiningu. Þá eru þekkt einkenni og aldur gjóskulaga nýtt til að segja til um aldur jarðlaga, gripa og húshluta, eftir því hvort þau eru undir eða yfir tiltekinni óhreyfðri gjósku, eða hvort ákveðin gjóskulög finnast í torfi eða mannvistarlögum. Í Skagafirði er eitt gagnlegasta gjóskulagið til aldursgreiningar á fornleifum Heklugos frá árinu 1104 (H-1104), hvítt að lit og

¹ Sjá „Orðasafn í fornleifafræði“
<http://www.instarch.is/instarch/ordasafn/>, skoðað 17. sept. 2014.

² Guðrún Sveinbjarnar (2001), bls. 10.

³ Sjá „Orðasafn í fornleifafræði“
<http://www.instarch.is/instarch/ordasafn/>, skoðað 17. sept. 2014.

á bilinu 0,2-1 sm þykkt. Önnur gjóskulög eru flest dökk að lit: Svokölluð landnámssyrpa (LNS) sem er þétt röð gjóskulaga og er síðasta gjóskan í þeirri syrpu frá því um 940 (V-Sv 940); gjóska frá Vatnajökli sem talin er hafa fallið um 1000 (Vj~1000); Heklugjóska frá árinu 1300 (H-1300) og 1766 (H-1766). Þessi síðarnefndu gjóskulög eru öll dökkleit en hafa þó sín einkenni sem oft er hægt að greina með berum augum, lit, grófleika o.s.frv. Þar sem gjóskulögin koma saman fleiri ein eitt getur röð þeirra komið að góðu gagni og tekið af vafa um hver þeirra eiga í hlut. Nákvæmari greiningar er hægt að gera á rannsóknarstofum þar sem hægt er að kanna efnasamsetningu, kornagerð og -stærð, magn og gerð kristalla og bergbrota o.s.frv., auk þess sem hægt er að aldursgreina þau með geislakolsmælingum (¹⁴C).

Valin gjóskusýni voru send til greiningar til Magnúsar Á. Sigurgeirssonar jarðfræðings. Niðurstöður voru ekki afgerandi en dökk gjóska í torfi og hruni tilheyrandi elstu byggingunni A8, meintum eldaskála, var talin vera úr Vj~1000.⁴ Gjóskan H-1104 var yfir torfi eins og því sem var í meintum skálavegg og fannst hvergi í lögum tengdum byggingunni. Flest bendir því til að skálinn sé frá 11. öld þótt það sé ekki fullkomlega hafið yfir vafa.


Rannsóknarsvæðið afmarkaðist af fyrirframgefnu áhrifasvæði framkvæmdarinnar og var 122m², norðan og norðvestan við núverandi íbúðarhús.



Mynd 2. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæði og bæjarhús á Hamri.

Fig. 2. Overview of the excavation area and buildings at the farm Hamar.

⁴⁴ Magnús Á. Sigurgeirsson, tölvupóstur dags. 31 okt. 2014.



Mynd 3. Uppdráttur Hróbjarts Jónassonar af gamla torfbænum á Hamri, sem var rifinn uppúr 1930.

Fig. 3. Drawing of the old turfbuilding at Hamar. Drawn according to memory by Hróbjartur Jónasson who lived in the building from 1929 until it was taken down in the years 1931-32.

Saga og fyrri rannsóknir

Í Landnámu segir að Hávarður Hegri hafi numið Hegrans. Með honum í för voru bræðurnir Hendill og Hrór sem Hávarður gaf land í nésinu og byggði Hrór í Hróarsdal en Hendill sunnanvert í Hegransi við vatn eitt.⁵ Hendilkotsvatn skiptir löndum milli Hamars og Keldudal en meint bæjarstæði Hendils, Hendilkot er í landi Hamars.

Jörðin Hamar kemur fyrst fyrir í bréfum Reynistaðaklausturs, en hún var gefin sem stofnfé til klaustursins 1295 og var eftir það í opinberri eigu fram til 1908.

Í jarðabókum frá 18. öld má sjá að jörðin hefur verið metin á 20 hundruð að fornu en matið verið fært niður í 10 hundruð skömmu fyrir aldamótin 1700.⁶ Fyrir það hefur jörðin því verið skattlögð sem meðaljörð en hún virðist ekki hafa rísið undir því þegar fram leið.

Engar fornleifarannsóknir höfðu áður farið fram á Hamri og engir fornleifafundir sem skýrsluhöfundi er kunnugt um. Rannsókn á sögu jarðarinnar og hnitsetning helstu minja sem

henni tilheyra fór fram í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar og er vísað til fimmta bindis Byggðasögunnar til nánari fróðleiks þar um.

Í byggðasögunni er umfjöllun um gamla torfbæinn á Hamri og kemur fram að árið 1929 hafi flutti að Hamri Hróbjartur Jónasson ásamt fjölskyldu sinni. Fjölskyldan bjó í gamla bænum um tveggja ára skeið en hann var rifinn á árunum 1930-32 og timburhús með torfbaki byggt í hans stað aðeins sunnar. Það hús stóð fram til 1948 að núverandi steinhús var byggt.⁷

Hróbjartur sem var byggingameistari gerði uppdrátt af torfbænum eftir minni einhverjum árum eftir að hann var rifinn, en hann taldi að hann hefði að grunni til verið frá því laust eftir 1800. Uppdráttur af timburhúsinu og fjóshlöðunni eftir Hróbjart er einnig til á Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands (A-Þjh/B-2012-3-21).

⁵ Sigurður Ólafsson. *Landnámssagnir úr Hegransi*. Óskráð í HSK.; Sjá einnig Byggðasögu Skagafjarðar V, bls. 90.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 67; Jarðabók Reynistaðaklausturs 1728 nr. 30.

⁷ Byggðasaga Skagafjarðar V, bls. 88; Sigmar Hróbjartsson 2010. „Æskuminningar frá Sauðárkróki og úr Hegransi“ Í *Skagfirðingabók* 32, bls. 80-82.


Sigmar sonur Hróbjarts, sem var 10 ára þegar fjölskyldan flutti að Hamri lýsir torfbænum svo í minningum sínum:

„Ofan við bæinn voru allmiklir hólar, sumt af þeim gamlir öskuhaugar. [...] Bærinn á Hamri var gamall torfbær. Dyrnar sneru í austur út á bæjarhlaðið og framan við það allstór rófna eða matjurtagarður. Öskuhaugurinn var þar neðan við. Á hlaðinu, lítið eitt til hægri frá bæjardyrnum, var brunnurinn, aðalvatnsból heimilisins. [...] Eitt þil með fjögurra rúða glugga vissi út á hlaðið. Það var moldargólf með einstökum hellum á stangli til að leggja eitthvað frá sér á. Inn í skálann var gengið til vinstri handar [af ganginum] en til hægri var gengið inn í mókompuna. Þar var eldiviðurinn geymdur, mór og sauðatað. Inn af mókompunni var hlóðældhús, allstórt með eldstó (hlóðum) og allvíður strompur uppyfir þeim. Í rjáfrinu var hengt kjöt og silungur úr Vötnunum þegar vel veiddist. Allir veggir voru torfveggir um meters þykkir og moldargólf. Inn af hlóðældhúsinu var búrið. Það var gluggalaust. Innar í ganginum til vinstri var eldhúsið. Í rjáfri þess var smágluggabóra með tveimur rúðum, að mig minnir. Eldavélin var fyrir þeirra tíma eldsneyti, mó og sauðatað. Reykrörið frá henni var pott-eða járnror sem gekk upp í gegnum þekjuna og klætt með blikki í kringum það. Við austurvegginn var borð eða bekkur og rekki fyrir diska og hilla fyrir bollapör. Moldargólf sem einhverri lélegri sementsblöndu virtist einhvern tíma hafa verið klínt yfir. Úr eldhúsinu var innangengt í fjósið sem var sunnan undir bænum. Baðstofa, sem var þrjú stafgólf, var svo inn af eldhúsinu. Hún var klædd í loftið með skarsúð en veggirnir með borðvið. Tveir þverbitar voru milli veggjanna. Ekki var lofthæðin meiri en það að meðalmaður þurfti að beygja sig við að ganga undir bitana. Gólfið í tveimur innri stafgólfunum var klætt með borðvið en það fremsta var moldargólf. Rúmbálkar voru meðfram veggjunum og gluggar með fjórum litlum rúðum. Annar á suðri en hinn á vesturhlið baðstofunnar.“⁸

⁸ Sigmar Hróbjartsson 2010. „Æskuminningar frá Sauðárkróki og úr Hegranesi“ í *Skagfirðingabók* 32, bls. 80-82.

Neyðarrannsókn 2014

Könnunarskurðir og rask á framkvæmdasvæði



Mynd 4. Uppmældir könnunarskurðir og eldri skurðir á Hamri. Könnunarskurðir sem gerðir voru við rannsóknina eru bláir en eldri skurðir sem hreinsað var uppúr að meira eða minna leyti eru auðkenndir með grænu, rauðu og gulu. Græni skurðurinn nr. 3 er handgrafinn vatnslagnaskurður, grafið var uppúr honum á kafla, blái fláki merktur nr. 4. Rauði skurðurinn er undan sökkli fjóshlöðu og var alveg hreinsað uppúr honum. Guli skurðurinn er frárennisskurður frá íbúðarhúsinu, hreinsað var uppúr vesturhellingi hans.

Fig. 4. Old ditches and test trenches at the excavation area at Hamar. The test trenches are blue but older trenches green, red and yellow. The green trench was dug by hand and contained a water pipe. The outlines were measured up but only a small portion (marked blue nr. 4) was excavated. The red trench was made when a byre was built there in the 20th century, it was fully excavated. The yellow trench is a sewage pipe trench from the current farmhouse.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði hafði orðið fyrir talsverðu raski á 20. öld. Sléttað var fyrir bílastæði á austanverðu svæðinu seint á 20. öld og gerð upphækkun að vestanverðu til að hækka örlítið landið umhverfis íbúðarhúsið og bæjarhlaðið í þeim tilgangi að þar safnaðist ekki fyrir leysingavatni á vorin. Í báðum tilfellum var rótað lögum sem tengdust síðasta torfbænum á svæðinu og var mikið af torfróti, glerbrotum, keramíki og raunar einnig steypubrotum í efstu lögum svæðisins.

Auk þessara framkvæmda höfðu þrír skurðir verið grafnir norðan við íbúðarhúsið. Vatnslögn sem að líkindum hefur tilheyrt gamla torfbænum lá norður suður á vesturhluta

svæðisins (sk. 3) og skurður undan steiptum sökkli yngri fjóshlöðu var skammt austan hans (sk. 1). Báðir lágu skurðirnir norður suður því sem næst fyrir miðju svæði. Þá lá frárennisskurður frá núverandi íbúðarhúsi meðfram suðurhluta uppgrftar-svæðisins og beygði til norðausturs við suðausturhorn svæðisins (sk. 2).

Röskuðum lögum undir bílastæðinu og uppmokstrinum vestanvert á svæðinu var gefið eitt númer [82] og var það fjarlægt með vélgröfu og sömuleiðis var mokað uppúr skurði 1. Handgrafið var uppúr skurði 3 á kafla og þeim tilraunaskurði gefið númerið 4 til aðgreiningar frá hinum. Annar skurður (sk. 5) var handgrafinn

norðvestast á svæðinu austur-vestur út frá skurði 2. Að lokum var svo grafinn grunnur tilrauna-skurður norðaustarlega á svæðinu. Hann var gerður eftir að búið var að fjarlægja vegg og gólf sem tilheyrðu torfbænum. Þar undir var rótað torflag og var ákveðið að grafa lítinn könnunarskurð í gegnum þetta lag til að kanna hvort eldri byggingaleifar leyndust undir því. Það

var gert svo hægt væri að forgangsraða og skipuleggja betur þann takmarkaða tíma og þá fjármuni sem rannsóknin hafði úr að spila kæmu eldri minjar í ljós. Svo reyndist vera og var í framhaldinu öllum kröftum beint að rannsókn þeirra.



Mynd 5. Horft vestur, skurður 1 í forgrunni, undan steiptum sökkli fjóshlöðu. Í vinstra horninu sést skurður 2, frárennisskurður frá íbúðarhúsinu, þar sem hann beygir fyrir húshornið, hálf grafinn. Skurður 3 liggur út frá skurði 2 samsíða skurði 1 en er ógráfinn á þessari mynd og sést aðeins í vatnsrör, þar sem það kemur út í skurði 2.

Fig. 5. Looking west over trench 1 which stretches from south to north. In the south end trench 2 turns around the corner of the farmhouse. Trench 3 unexcavated lies parallel to trench 1, 1,5-2m west of no. 1. Water pipe from trench 3 can be seen where it crosses with ditch 2, in the left corner.

Skurður 1

Skurður 1, undan steiptum sökkli á fjóshlöðu, lá til norðurs frá norðvesturhorni íbúðarhúss. Mokað var uppúr skurðinum, fyrst að hluta þegar forkönnun minjavarðar fór fram í lok apríl og hann var svo stækkaður til að afla nánari gagna fyrri partinn í maí áður en eiginlegur uppgröftur hófst. Um 120-130sm þykk mannvistarlög voru að vestanverðu en um 50sm að austan þar sem jafnað hafði verið út fyrir bíla-stæði. Skurðurinn sjálfur var um 120sm breiður, nema í miðjunni þar sem fyrst hafði verið opnað, þar var hann 30-40sm breiðari. Mesta dýpt að norðan var 160sm en 130sm að sunnan. Skurðurinn var fullur af mól og steypuleifum en hann hafði upphaflega verið grafinn undir steiptan sökkul á fjóshlöðu sem þar stóð.

Snið að austan og vestan voru ljósmynduð, mæld og teiknuð upp. Sniðteikning og flæðitafla er aftast í skýrslu.

Skurður 2

Skurður 2, frárennisskurður frá íbúðarhúsi, liggur fyrir norðvesturhorn hússins og til austurs samsíða húsinu en beygir til norðurs eða norðausturs fyrir miðju húsi. Skurðurinn hefur verið grafinn niður um 60sm frá grunni íbúðarhússins, í gegnum bæjarhólinn niður í óhreyft. Hann var um 1m breiður efst en mjókkaði niður og var um 40sm breiður neðst og 170sm djúpur frá grasrót við horn íbúðarhússins.

Skurðurinn var mældur upp á yfirborði, mokað var upp úr honum vestan skurðar 1, snið mæld og ljósmynduð, þversnið teiknað upp með skurði 1. Sniðteikning og flæðitafla er aftast í skýrslu.



Mynd 6. Tilraunaskurður nr. 4 í vatnslagnaskurði nr. 3. Plægð jarðlög og gjóskur, H-1104 og grá gjóska um 20sm ofar, líklega H-1300.

Fig. 6. Test trench no. 4 in old trench no. 3. Ploughed earth with disturbed tephra from H-1104 (white broken line) and grey tephra, probably H-1300, 20sm above H-1104.

Skurður 3

Skurður 3, vatnslagnaskurður sem lá norður-suður samsíða skurði 1 um 1,5-2m vestar. Skurðurinn virðist hafa verið handgraffinn, um 30sm breiður neðst og 60sm efst, um 1m djúpur frá grasrót, grafinn niður í óhreyft. Frárennslisskurðurinn (skurður 2) var grafinn í gegnum þennan við norðvesturhorn íbúðarhússins. Skurðurinn var mældur upp á yfirborði og hluti hans grafinn upp (skurður 4), snið að sunnan þar sem hann var skorinn af yngri frárennslisskurði (skurði 1) voru ljósmynduð og mæld. Snið-teikning og flæðitafla er aftast í skýrslu.

Skurður 4

Handgraffinn tilraunaskurður, mokað uppúr vatnslagnaskurðinum nr. 3. Mokað var uppúr skurðinum á um 2m kafla fyrir miðju uppgrafftar-svæðinu. Þar sáust skýr ummerki um jarðvinnslu

og voru greinileg plógför í gegnum gjóskur H-1300 og H-1104. Rótuð mannvist, kola- og móöskudreif yfir og undir báðum gjóskulögum. Undir plægðri H-1104 voru að auki nokkur dýrabein.

Snið að austan og vestan voru mæld og ljósmynduð.



Mynd 7. Plógför í gegnum gjóskur og jarðlög í skurði nr. 5 norðvestast á svæðinu.

Fig. 7. Plough marks through tephra layers in trench no. 5 in the northwest part of the excavation area.

Skurður 5

Skurður 5 var grafinn austur-vestur út frá skurði 3 norðarlega á svæðinu. Þar sáust enn betur en áður plógför sem skorið hafa í gegnum jarðlög og gjóskur, bæði H-1300 og H-1104. Yfir þessum plógförum var þunn dökk gjóska austanvert í skurðinum, skammt undir grasrót eins og hún hefur verið áður en jarðvegi var bætt þar ofaná á síðasta áratug 20. aldar, líklega H-1766.

Snið að norðan og sunnan voru mæld og ljósmynduð.

Gamli torfbærinn A1 og byggingarhlutar A2 og A4 ca. 1800-1930.

Þegar rótað lag [82] af yfirborði svæðisins var fjarlægt komu í ljós góflög og veggir síðasta torfbæjarins. Heillegustu byggingaleifarnar voru suðaustast á svæðinu og samræmdust ágætlega uppdrætti Hróbjarts Jónassonar og lýsingum Sigmars Hróbjartssonar á bæjardyrum, hluta ganga og maskínuhúsi. Á norður og norðvesturhluta svæðisins virtist hinsvegar komið niður á leifar eldri byggingarskeiða.

Ljóst er að bærinn hefur verið endurbyggður og honum haldið við um langt skeið á sama stað líkt og algengt var um torfbæi. Vegna rasks og seinni tíma framkvæmda voru skilin þó ekki allstaðar skýr á milli byggingarskeiða og þar sem rannsóknarsvæðið var mun umfangsminna en bæjarleifarnar fékkst ekki heildarmynd af bænum.

Austast kom í ljós stuttur gangur eða göng sem túlkuð voru sem bæjardyr og þvert á hann frá norðri til suðurs önnur göng. Þessum lögum var gefið bygginganúmerið A1 og er það notað yfir gamla torfbæinn eins og hann leggur sig. Tvö önnur númer voru hins vegar gefin bygginga-hlutum gamla bæjarins, annars vegar rými A4 til hægri (norðan) við göng, þar sem eldiviðarkompan var samkvæmt Jónasi og Sigmari og hins vegar rými A2 vestan þess sem upphaflega var túlkað sem fjós vegna þykkra mykjulaga sem fylltu tóftina. Hugsanlega hefur þessi húshluti þó fyllst af mykju eftir að hætt var að nota hann, en samkvæmt teikningunni var þarna hlóðaeldhús og búr vestan þess. Neðst í góflögum fundust gler og keramikbrot í allnokkru magni sem samræmast því hlutverki vel og má vera að mykjan sem lá yfir þessum byggingarhluta hafi tilheyrt fjósinu sem reist var á þessum slóðum eftir að torfbænum var jafnað út. Undir A2 var annað og stærra rými A3 sem tilheyrði greinilega eldra byggingarskeiði. Þessi húshluti var að sama skapi fullur af mykju en með keramik og glerbrot neðst við gólf og kann einnig að hafa þjónað fleiru en einu hlutverki.

Gólfíð í göngunum var þjappað og kom upp í flögum, blandað grárri viðarösku og bleikri móösku, kolasalli var í gólfinu og smáræði af hrís en auk þess nokkuð af gler- og leirkerabrotum. Þessi lög voru að mestu grafin sem ein heild [1150], þó var gólfinu í göngunum þar sem þau lágu austur vestur (í bæjardyrum) skipt í tvennt. Neðra gólflagið [17058] var hellulagt og tilheyrði greinilega eldra byggingarskeiði þar sem göngin voru þar um 30sm þrengri en áður. Feit skán lá yfir hellunum og smávægilegar leifar af mögulegum þröskuldi eða þiljum varðveittist við vesturenda [1745] (barrviður samkv. grófri greiningu á vettvangi gerðri af Lísabet Guðmundsdóttur).




Mynd 10. Horft til austurs, 1m skali á torflögum undir gólfi „maskínuhúss“ samkvæmt teikningu, bæjardyr og göng í baksýn.

Fig. 10. Looking east, 1m scale on turf layers under the floor of „the stove room“ according to the drawing. The entrance and corridor in the back.

Gripir í A1:

Í gólfi [1150] fannst glerbrot úr íláti af einhverju tagi með ábræddu skrauti, brúnt gler með loftbólum (ÞJMS. 2014-15-25). Í Torfvegg [1177] tengdum A2 fannst krítarpípubrot, grannur pípuháls eða leggur um um 4sm langur og 5mm þykkur, án skreytis. Talsvert af öðrum gripum, einkum keramik- og glerbrotum, fannst í rótuðu lagi [82] og er stórholti þeirra vafalaust úr gamla torfbænum.



Mynd 11. Bygging A3 horft NNW.
Fig. 11. Building A3 looking NNW

Bygging A3 – Eldra byggingarskeið torfbæjar.

Undir A2 kom í ljós annar byggingarhluti A3 sem tilheyrir eldra byggingarskeiði bæjarins. Í því rými voru einnig lög af mykju niður við gólf og var byggingin túlkuð sem fjós. Hugsanlega hefur hún þó haft annan tilgang í upphafi, því í neðstu lögum gólfsins var að finna nokkur glerbrot úr ílátum, eitt keramikbrot og eitt glerbrot sem hefur komið úr spariskál, vasa eða því um líku.

Byggingin var 4,6x1,6m á kant með dyr til austurs ögn norðar en fyrir miðju hússins. Stæðileg grjóthleðsla var að norðan 3-4 steinaraðir og torf að baki, en grafið hafði verið niður fyrir veggjum [1244] að norðan og [1232] austan og gólflöturinn grafinn niður á móhellu. Vesturveggur hússins var sundurgrafinn af skurði 1 allt nema smá brot að norðan. Torfið í veggjunum í norðurhluta byggingarinnar var rauðleitt með þykk lög af dökkri gjósku líklega H-1300 og slitrum af H-1104. Veggurinn var hlaðinn úr hnausum af einhverju tagi (a.m.k. ekki streng) og torfrót á milli með smá ösku, kolum og slitrum af H-1104.

Engar stoðarholur fundust í byggingunni og má vera að þaksperrur hafi hvílt á syllum á veggjum. Engin ummerki um bása var að finna í húsinu en þó var aflöng hola eða niðurgroftur fyrir miðjum norðurvegg sem náði um 40sm til suðurs út frá veggnum. Þar gæti hafa staðið hella upp á rönd sem svo hefur verið fjarlægð.

Gólflögin [1972] voru þétt og dökk, blönduð mykju að því er virtist. Í miðhluta byggingarinnar móts við innganginn var gólfið þó mun torf- og moldarblandaðra en til hliðanna.

Undir gólflögum að sunnan var grá viðaraska og rusl og svolítt móöskuflekkur syðst. Hugsanlega hefur ösku verð stráð yfir gólflötinn til að auðvelda útmokstur úr húsinu, en einnig má vera að húsið hafi upphaflega gengt öðru hlutverki eins og gripir sem í því fundust virðast benda til.

Hluta eldri gólflaga kann einnig að hafa verið mokað út á einhverjum tíma ásamt mykju eftir að farið var að nota húsið undir húsdýr eða að mykjan hefur troðist niður og samlagast leifum eldri gólflaga.


Gripir í A3:

Í lagi [2105] fannst brot úr steinsleggju (ÞJMS. 2014-15-1), u.þ.b. helmingur upphaflegu sleggjunnar, brotið úr gati í miðju.

Nokkur gler- og keramikbrot fundust í gólfi [1972], blátt glerbrot með loftbólum (ÞJMS. 2014-15-9), fimm græn glerbrot úr íláti af einhverju tagi sem passa þó ekki saman og eitt glært glerbrot með sorfnu mynstri af kórónu á annarri hlið, líklega úr spariskál eða vasa eða þ.u.l. skráð saman undir eitt númer (ÞJMS. 2014-15-22). Neðst í gólfinu fannst grænt glerbrot úr íláti af einhverju tagi, óskreytt, með loftbólum (ÞJMS. 2014-15-24). Eitt leirkersbrot fannst

einnig í þessu gólflagi, lítið brot úr botni á skál eða disk, hvítur leir með glerungi á báðum hliðum og rauðu mynstri að innanverðu (ÞJMS. 2014-15-23).

Í ruslalagi [1191] fannst vaðmálsbútur (ÞJMS. 2014-15-14), faldaður kantur af einhverju tagi. Þéttofnir mórâuðir þræðir, þæft á aðra hlið.



Mynd 12. Horft til vesturs yfir óskilgreindar byggingaleifar A9, sem tilheyra einhverju eldra byggingarskeiði torfbæjar en ekki fékkst heilleg mynd af vegna rasks.

Fig. 12. Looking West over undefined building remains A9, adheiring the older building phases of A1.

Bygging A9 – Eldra byggingarskeið torfbæjar.

Suð austanvert á svæðinu voru gólfhlög og byggingaleifar undir því sem tilheyrði yngsta torfbænum. Þessum lögum var gefið yfirnúmerið A9 (strúktúr númer) og tilheyra þau eldra byggingarskeiði torfbæjarins. Meðal þess sem skráð var undir þetta númer A9, voru brot úr tveimur gólfhlögum, hrun og nokkrar holur (stoðarholur). Ekki er ljóst hvernig þau tengjast öðrum byggingarhlutum eða hve gömul lögin eru að öðru leyti en því að þau voru eldri en síðasti torfbærinn A1 og yngri en meintur eldaskáli A8 frá 11. öld.

Móöskugólf [2420] lá frá inngangi til suðurs og í um 1m þaðan til vesturs. Gólfíð var mjög þjappað og stíft. Brenndir steinar voru ofan á móöskugólfinu suðvestast og var það túlkað sem leifar hlóða en ekki var um eiginlega hleðslu að ræða. Í gólfinu voru 3 pinnaholur með viðarleifum, [2439], [2445] og [2450] einnig lítil eikarfjöl. Þetta gólfslag virðist hafa verið skorið að norðan þegar grafið var niður fyrir veggjum A3. Í gólfinu fundust einstaka viðarleifar og hrís, nokkuð af torfi og mikið af brenndum beinum og sótugu efni.

Gólfslag [2567] tilheyrandi A9 var þétt fitukennt lag vestan við inngang. Það virðist hafa tilheyrt einhverjum millistigsfasa. Lá undir torfvegg [2454] sem er veggur í byggingu A3 og hefur verið grafið í gegnum það þegar sú bygging var gerð. Greinarmunur var gerður á þessu gólfi og gólfi [2600] þar sem litur, efni og áferð var önnur, þó eru gólfin að öllum líkindum samtíða. Í

laginu var smáræði af kolasalla og nokkuð af sótugu efni.

Gólf [2600] í A9 samanstóð af móösku og sóti. Lagið var mjög þétt og flagnaði af við mokstur. Mun þéttara í sér og flagnaði á meðan gólf [2567] var þétt og feitt. Lagið tilheyrði einhverjum millibils fasa - aldur óljós. Virðist gamalt. Mikið af brenndum beinum, sóti og kolum var í gólfinu og þrjár: [2616] fylling [2622]; [2628] fylling [2634]; [2639] fylling [2645].

Þá var lag [2790] einnig skráð undir A9, afmarkað móöskulag með viðarleifum umhverfis. Hluti af laginu umhverfis gæti verið mór, mjög þétt umhverfis það eru viðarleifar úr eik. Mögulega hefur eitthvert ílát úr eik staðið þarna.

Gripir í A9: Textilleifar, tveir bútar af vaðmáli fundust í gólfi [2420], annars vegar heillegur bútur úr þéttofnu vaðmáli með grönnum þráðum (ÞJMS. 2014-15-12) og hins vegar slitin og þæfður bútur með ójöfnum þræði (ÞJMS. 2014-15-13). Í sama lagi fannst að auki glerbrot, úr glasi eða vasa, glært ójafnt gler með loftbólum og því greinilega blásið (ÞJMS. 2014-15-36). Í gólfi [2600] fannst brýnisbrot (ÞJMS. 2014-15-21), úr ljósu bergi og að því er virðist lítið notað.

Viðarsýni voru tekin úr móöskulagi [2790]: 1 [2701]; 2 [2705]; 3 [2810].



Mynd 13. Horft til austurs yfir gólfleifar tilheyrandi A10, gólfið var skorið að sunnan af niðurgröfnum bæjardyrum.
Fig. 13. Looking East over building remains A10, which were almost entirely destroyed by the later construction, only a small strip of cultural layers survived underneath younger remains.

Bygging A10

Í suðausturhorni svæðisins undir inngangi/-bæjardyrum í gamla torfbæinn A1, var niðurgrafið móöskublandið gólflag, sem náði að hluta inn á svæðið en var skorið af eldri hluta bæjardyra að sunnan. Greinilega var um byggingaleifar að ræða hugsanlega frá miðöldum.

Gólflag [2913] var moldarblandað bleikt móöskulagi og í því niðurgröftur [2906] með öðru móöskulagi [2905]. Lögin teygðu sig útfyrir rannsóknarsvæðið til austurs en var eins og áður sagði skorið af niðurgröfnum bæjardyrum til

suðurs, engin heildarmynd fékkst því á þessa byggingu eða byggingarhluta.

Gripir í A10:


Þunnt brot eða flís úr flögubergi (ÞJMS. 2014-15-20) fannst í hugsanlegu gólflagi [2913], væntanlega hluti af brýni. Brotið var gróft og ekki að sjá að það hafi verið notað til brýningar.

Þá fannst spunninn ullarþráður ÞJMS. 2014-15-15) í móöskulagi [2905]. Þráðurinn var tvísamanbrotinn og snúinn til að mynda spotta með fjórum þráðum.




Mynd 14. Horft til norðausturs yfir gólfölg A8, meints eldaskála. Hvítir plattar hafa verið settir niður í hugsanlegar stoðarholur tengdar byggingunni. Vegna rasks frá yngri byggingum er þó ekki hægt að fullyrða að þær tilheyri meintum eldaskála.

Fig. 14. Looking northeast over the remains of building A8, assumed longhouse. White markers have been put down over postholes, possibly adhering the building, although that could not be asserted because of disturbance from later buildings.



Mynd 15. Síðasta byggingarskeið A8, með langeld fyrir miðju húsi.

Fig. 15. Latest building phase of A8, with a long fire in the middle of the building.



Mynd 16. Eldra byggingarskeið A8, aflar til eldsmíði í norðurhluta og tvö eldstæði fyrir miðju.

Fig. 16. Older building phase of A8, with blacksmithing hearths in the northern part and two separate fireplaces in the middle.

Bygging A8 – Eldaskáli 11. öld.

Byggingin lá NNA-SSV, hér eftir verður þó notast við höfuðáttirnar, skammhliðar til norðurs og suðurs og langhliðar austur-vestur. Óvíst er með heildarlengd skálans þar sem fráveituskurður frá íbúðarhúsinu skar hann að sunnan og norður-endinn náði út fyrir rannsóknarsvæðið. Þá hafði vesturhlið byggingarinnar orðið fyrir raski af völdum yngri bygginga, einkum A3. Það sem eftir var af byggingunni var mest 3,3x7m á kant.

Í suðausturhorni beygði áðurnefndur frárennslisskurður til norðausturs og hefur hann skorið þar af horni byggingarinnar. Lengra til austurs var ekki grafið þar sem komið var út fyrir rannsóknarsvæðið og yngri veggir torfbæjarins voru grafnir niður í þá hæð sem ætla mætti að veggir skálans hefðu verið í.

Nokkrar stoðarholur voru meðfram vesturhlið undir gólfum yngri bygginga sem líkur eru á að tilheyrt hafi skálanum. Þá voru nokkrar smærri stoðar- og pinnaholur í skálanum án þess að þær drægju fram *heildstæða* mynd af innra fyrirkomulagi hans.

Gólfölin voru vel greinanleg, samanlagt mest um 10sm þykk í miðju en þynntust út til hliðanna í austur og vestur. Eins og títt er um gólfölg voru þau í mörgum þunnum lögum sem erfitt var að skipta upp nema þar sem niðurgreftir eða önnur verksummerki gáfu tilefni til.

Við úrvinnslu uppmælingargagna var byggingunni skipt gróflega í tvö byggingarskeið. Yngri gólfölg [2244]/[3589]/[3616] og eldri [3437]/[4422]/[4468]. Hugsanlega hefði mátt hafa byggingarstigin þrjú, en vegna þess hve eldri gólfölin voru þunn voru skilin ekki nægilega skýr.

Yngra byggingarskeið

Á síðasta notkunarskeiði byggingarinnar var eldstæði eða langeldur [3650] / fylling [4288] í miðju gólfi [3589]/[3616] og nokkrar stoðar og pinnaholur á dreif. Eldstæðið var sporöskjulaga 120x86sm á kant, fullt af móösku og kolasalla. Litlar steinhellur voru með hliðum og hallaði lítið eitt að miðju þar sem var stór hella í botni eldstæðisins. Yfir hellunni í miðju eldstæðinu var um 8sm þykkt lag af kolasalla, sóti og móösku, en

undir hellunni bleik móaska og leifar a.m.k. tveggja eldri eldstæða.

Gólfölin [2244]/[3589]/[3616] lágu upp að rótuðu torflagi til beggja langhliða, sem kann að hafa verið undir setbekkjum [3634=3635].



Mynd 17. Horft til norðurs yfir gólf meints eldaskála A8. Eldstæði, langeldur, fyrir miðju, mælistikan er 1m.

Fig. 17. Looking north over the floor of building A8. Fireplace in the middle, the scale is 1m.

Eldra byggingarskeið

Eldri gólfinn [3437]/[4422]/[4468]/[3589] náðu sömuleiðis upp að lögum [3634=3635] sem gætu verið undan setbekkjum en eins og fram hefur komið voru þessi gólfölg þunn og erfitt að greina innbyrðis tímaröð niðurgrafta sem þeim tilheyrðu.

Eldri fasar langelds voru bæði norðan og sunnan við þann yngsta. Norðan við var sporöskjulaga niðurgroftur [2228] með ávalar brúnir, til norðurs. Þessi niðurgroftur var fullur af móösku [2237] með dökkt brennt lag í botni, en ekkert grjót. Að sunnan var svo næsta ferkantaður niðurgroftur [4412], fullur af kolum og sóti [4412]. För voru meðfram hliðum líkt og þar hefðu staðið hálfniðurgrafnar hellur sem svo hafi verið fjarlægðar.



Mynd 18. Horft til norðurs yfir A8, skála, gólf fjarlægð að mestu sem og tveir yngri fasar langelds. Hér sést móta fyrir niðurgreftri fyrsta eldstæðisins neðarlega til hægri á myndinni.

Fig. 18. Looking north over building A8. The floor layers partly excavated and two older phases of the hearth fully excavated, outlines of the cut for the oldest hearth can be observed near the bottom right corner.

Norðan við þessi eldstæði voru tveir niðurgreftir [3952]/ fylling [3847] og [3941]/ fylling [3838] rétt sunnan hans. Niðurgreftirnir voru samsíða og nánast algjörlega eins að útliti og fyllingu. Báðir voru um 35sm langir og 12-15sm breiðir með ávalar brúnir og 10-12sm djúpir, fullir af kolum, gjalli og sindri og greinileg eldstæði. Þessi eldstæði voru túlkuð sem aflar til eldsmíði, en af sindurleifum í þeim sem og í gólfinu [3437] umhverfis er ljóst að þar hefur verið unnið við járnsmíði. Óvíst er að þeir hafi báðir verið í notkun í einu en gólflög milli þeirra voru of þunn til að greina hvort annað væri eldra en hitt.



Mynd 19. Aflangar holur eftir niðurgrafna afla í norðurhluta A8, skálans, holurnar voru um 10sm djúpar, og 13x32-35sm á kant.

Fig. 19. Oblong holes from two parallel smithing hearths in the northern part of A8, 10sm deep, 32-35 sm long and 13sm wide.

Gripir í A8:

Gripir, aðrir en gjall, eldtinnubrot og nokkrir vaðmálspræðir, fundust ekki í lögum sem tengja mátti með vissu við þessa byggingu. Gólflögin voru öll sigtuð og sýni úr hverju þeirra, sem og úr mismunandi fösum langeldsins tekin til fleytingar. Auk sýna sem tekin voru til fleytingar fundust flísar af dýrabeinum í gólfi [3616] nærri langeldi sem tekin voru í sýni, sem og viðarleifar við langeld.

Greinilegt eldtinnubrot fannst í eldstæði skálans [3651]/ fyllingu [3650]. Steinninn er dökk grár og kvarnað úr brúnum hans (ÞJMS. 2014-15-37). Að auki fundust brot úr hvítum steini, í rótuðu torflagi [3993], sem kann að hafa verið notaður í sama tilgangi. Alls 12 brot sem eru frá 2x2x1,5sm á kant niður í örsmáar flísar (ÞJMS. 2014-15-2).

Í eldra eldstæði [2228]/ fylling [2237] norðan síðasta langeldsins var m.a. gjall (ÞJMS. 2014-15-17) og gjall (ÞJMS. 2014-15-18) fannst einnig í gólfi skálans [3616].

Leifar nokkurra ofinna þráða (ÞJMS. 2014-15-64) fundust í stoðarholu [3499]/ fylling [3506] tengdri byggingu A8, eldaskála. Textílleifarnar komu í ljós við blautsigtun á sýni [3513].

Túlkun:

Sá hluti skálans sem grafinn var upp var 7m langur að innanmáli og gólfinn um 2-2,5 breið, en gólfögin komu upp að rótuðum torflögum til beggja handa sem gætu hafa verið jöfnunarlög undir setbekkjum og skálinn þá verið allnokkru breiðari. Ekkert heillegt torf fannst ofan á þessu róti og einu veggja leifarnar sem fundust óhreyfðar var veggbrost suðvestast á svæðinu. Þessi rótuðu torflög sveigðu örlítið inn að miðju í norðurhlutanum og virtust vera að dragast saman, norðaustast náðu gólfögin lengra til austurs og má vera að þar hafi verið inngangur í skálann.

Hugsanlega hefur skálinn því verið litlu lengri til beggja enda, en erfitt er að fullyrða um það, því eins og fram hefur komið var aðeins hluti þeirra jarðlaga sem tengjast skálanum grafinn upp, þar sem þau náðu út fyrir rannsóknarsvæðið til norðurs og austurs, en skálinn hafði að auki orðið fyrir miklu raski til vesturs og suðurs. Af þessum sökum er erfitt að fullyrða mikið um útlit hans eða stærð, en óhætt virðist að segja að hann hafi verið að lágmarki um 10m langur að utanmáli og líklega á bilinu 4,5m til 5m breiður.

Torfleifar í vestanverðu sniði skurðar 1, voru undir 1104 og svipar mjög til veggjaleifa syðst á svæðinu sem sáust í austanverðum skurði 1 og virtust tilheyra vegg skálans, það bendir til að viðbygging kunni að hafa verið við skálann til vesturs eða önnur bygging frá sama tíma. Vegna rasks frá seinni tíma byggingum og skurðum er ekki hægt að skera úr um það.

Í miðju gólfi skálans var langeldur, og greinilegt að honum hafði verið viðhaldið og mátti greina a.m.k. þrjú byggingarstig. Það

sem má segja að sé óvanalegt fyrir byggingu af þessu tagi eru eldstæðin tvö í norðurhlutanum, tveir aflangir samsíða niðurgreftir fullar af kolum, gjalli og sindri. Þessi litlu eldstæði voru á grundvelli innihaldsins túlkuð sem aflar, þar sem járn hefur verið hitað til smíða. Þrátt fyrir að geta talist óvenjulegt er þetta þó ekki í fyrsta sinn sem merki um smiðjustarfsemi finnst inni íveruhúsum hér lendis og eru þekkt a.m.k. tvö dæmi um slíkt sem skýrsluhöfundur er kunnugt um: annars vegar í skála á Áslákstungu Innri í Þjórsárdal⁹ og hins vegar í Rútshelli á bænum Hrútafelli undir Eyjafjöllum.¹⁰

Smiðjur þekkjast að sjálfsögðu í bæjarsamstæðum frá seinni öldum en algengt virðist hafa verið að hafa þær frístandi frá íveruhúsum manna vegna eldhættu og nokkur dæmi eru um smiðju í náttúrulegum og manngerðum hellum.¹¹

⁹ Þorsteinn Erlingsson, 1899, bls. 33-34; Kristján Eldjárn, 1982, bls. 218; Skálinn á Innri Áslákstungu var um 30m langur, tvískiptur og með eina viðbyggingu eða útskot. Grófan uppdrátt af skálarústinni er að finna í Árbók Hins Íslenszka fornleifafélags 4.-5. árg. 1884-1885 (bls. 60-III).

¹⁰ Rútshellir telst manngerður, a.m.k. að hluta, og er á tveimur hæðum. Leifar smiðjunnar í Rútshelli var að finna nærri hellismunna. Sbr. Hallgerður Gísladóttir og Árni Hjartarson, 1995, bls. 11.

¹¹ Dæmi um smiðju í helli er hellir Myllu-Kobba á Stórubrekku í Fljótum. Sbr. Hallgerður Gísladóttir og Árni Hjartarson, 1995, bls. 11. Þá var smiðja í hellisskúta á Selatöngum og í helli undir Hellunni á Sveifluhálsi hvort tveggja á Reykjanesi. Heimild: www.ferlir.is, skoðað 16.10.2014.

Samantekt og niðurstöður

Við framkvæmdir sem hafa í för með sér jarðrask á eða við gömul bæjarstæði er næsta öruggt að leifar eldri bygginga komi í ljós, ásamt mannvistarleifum af ýmsu tagi. Framkvæmdir við bæjarstæði Hamars í Hegranesi var sannarlega ekki undan-tekning á því.

Það er ekki sjálfsagt að minjar víki skilyrðislaust fyrir uppbyggingu og framkvæmdum og eru ýmis sjónarmið tekin þar til skoðunar þegar meta á slíkt; hagsmunir framkvæmdaaðila og sjónarmið minjaverndar. Ákvarðanir um hvað gera skuli eru teknar af fulltrúum hins opinbera, í þessu tilfelli Minjaverði norðurlands vestra hjá Minjastofnun Íslands. Framkvæmd rannsóknarinnar var hins vegar í höndum fornleifafræðinga Byggðasafns Skagfirðinga og unnin fyrir fé úr Fornminjasjóði. Sjóðnum er ætlað margháttað hlutverk og veitir hann styrki til rannsókna á sviði fornleifafræði en að auki er honum ætlað að fjármagna neyðarrannsóknir af þessu tagi. Eðli málsins samkvæmt er fé sjóðsins takmarkað og þar með sá tími og kostnaður sem hægt er að leggja í rannsóknina.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að láta minjar víkja er að sjálfsögðu reynt að afla sem mestra upplýsinga um þær og þeim aðferðum beitt sem líklegast eru taldar á hverjum tíma til að gefa sem ríkulegastar niðurstöður miðað við þann tíma og það fjármagn sem úr er að spila.

Áður en hinn eiginlegi uppgröftur hófst hafði verið hreinsað uppúr gömlum skurði sem lá þvert yfir framkvæmda-svæðið og upplýsingar úr honum nýttar til

að áætla hugsanlegt umfang og aldur mannvistar á svæðinu.

Niðurstöðurnar bentu til að þýkk mannvistarlög væru vestan skurðar en þynnri og rótaðri lög austan hans. Minjarnar vestan skurðar voru að hluta heillegar leifar byggingar með H-1300 gjóskuna í heillegu torfi en þar sást einnig móaska undir H-1104 en engar bygginga-leifar. Austan skurðar voru sýnilega leifar sömu byggingar og vestan hans, heillegt torf með H-1300 og að auki byggingaleifar undir og yfir því sem virtust ekki ýkja gamlar. M.a. komu í ljós glerbrot milli steina í gólflagi neðst í skurðinum.

Ákveðið var að hreinsa grasrót og mól úr bílastæði ofan af öllu svæðinu til reyna að sjá útmörk minja. Í ljós kom að byggingaleifar náði ekki lengra en um 2m til vesturs frá gamla skurðinum en mannvistarlögin austan skurðar náðu óslitið að útmörkum rannsóknarsvæðisins. Kjarnabor var enn fremur nýttur til að kanna dýpt og umfang mannvistarlaga við útmörkin að vestanverðu og staðfesti hann það sem sást á hreinsuðu yfirborði.

Mannvistar- og byggingaleifar austan skurðar virtust tilheyra seinni öldum, hluta gamla gangabæjarins og eldri kynslóðum hans. Þar sem þessar leifar voru allar grafnar niður í óhreyfðan jarðveg var talið ólíklegt að eldri minjar fyndust heillegar undir þeim.

Það var því ákveðið að freista þess að fá fram húsaskipan og fyrirkomulag þessa tímabils, kortleggja það og grafa svæðið eftir svokölluðu einingakerfi (single context method) frekar en að grafa þar könnunarskurði.

